



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 21. nóvember 2018
USK2018110044

Innkauparáð

Visindagarðar Háskóla Íslands - Bjargargata. Heimild til samningskaupa.

Með vísan til 22. gr. b. í innkaupareglum Reykjavíkurborgar er óskað eftir heimild innkauparáðs til samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar.

Um er að ræða samningskaup við Arnarhvol ehf. (kt. 691116-1150) vegna jarðvinnu við þann hluta Bjargargötu sem er innan lóðamarka á reitum B, E og C skv. deiliskipulagi. Um er að ræða uppúrttekt úr vegstæði, fyllingar og nauðsynlega lagnavinnu. Undanskilinn er endanlegur yfirborðsfrágangur. Áætluð upphæð samningskaupa er um 45 mkr.

Greinargerð:

Á svæði Stúdenta- og vísindagarða Háskóla Íslands er skipulagi þannig háttað að götur eru að mestu innan lóða og eru í sameign aðliggjandi lóða. Lóðamörk liggja þá í miðri götu.

Arnarhvoll ehf. sér um jarðvinnuframkvæmdir f.h. lóðarhafa á reit C skv. skipulagi sem nefndur er Gróskureitur. Að þeim reit liggja einnig reitir sem á skipulagi eru merktir B, E, H og J. Gróska er fyrsta verkefnið á þessum 5 reitum sem fer í framkvæmd.

Samkomulag er um það milli Vísindagarða og Reykjavíkurborgar að þegar svo háttar til að aðliggjandi lóð hefur ekki verið úthlutað að þá kosti Reykjavíkurborg gatnagerð á móti þeirri lóð sem úthlutað hefur verið. Sá kostnaður er svo innheimtur við úthlutun aðliggjandi lóða.

Ofangreint fyrirkomulag ásamt miklu jarðvegssdípi og þróngu athafnasvæði veldur því að nauðsynlegt er að jarðvegsskipi fyrir húsum og götum sé unnin af sama verkta ka. Það felur einnig í sér kostnaðarhagræði og aukna skilvirkni til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila en verkin tengjast náið saman bæði tæknilega og framkvæmdalega. Því er bæði skyndsamt og fjárhagslega hagkvæmt að vinna þau af einum og sama verkta ka.

Ámundur Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Deiliskipulagsuppdráttur

